

Sköpunargáfa barna

Sköpun í hugsun og verki

Fríða Egilsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed-gráðu
í leikskólafræðum við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Sköpunargáfa barna

Sköpun í hugsun og verki

Fríða Egilsdóttir

260866-3119

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, leikskólakennarafræði
Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. - prófs

Leiðsagnarkennari: Jóhanna Fjóra Ólafsdóttir

Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í leikskólafræðum, Menntavísindasviðs í Háskóli Íslands, vormisseri 2009. Í ritgerðinni er fjallað um skapandi starf og leik í leikskólum og horft til myndlistar, tónlistar og leikrænnar tjáningar. Fjallað er um mismunandi hugmyndafræði í tengslum við leikinn og mikilvægi hans í leikskólauppeldinu. Leikurinn er leið barnsins til að læra og mótast af hugmyndaauðgi þeirra og sköpunarmætti.

Fjallað er um sköpunargáfu barna og mikilvægi þess að horfa til ferilsins og sköpunarþörf barnsins en ekki hæfileika þess né lokaafurðar. Hlutverk foreldra og uppalanda er að sýna stuðning og gefa börnunum færi á að gera hlutina á sinn hátt. Þannig þroskast geta þeirra til sköpunar og sjálfstraust þeirra eykst.

Komið er inn á kenningar Lowenfelds í tengslum við hugmyndafræðina á bak við myndsköpun barna. Grundvallarþemað í kenningunni er að myndsköpun og myndræn tjáning sé órjúfanlegur þáttur í heildarþroska barnsins. Einnig er fjallað um hugmyndafræði Rhodu Kellogg en hún leggur áherslu á meðfætt fegurðarskyn barna og viðleitni þeirra að skapa jafnvægi í myndum sínum.

Í tónlistarþættinum er fjallað um hugmyndafræði sem er tengd við High/Scope sem rekja má til Bandaríkjanna. Hugmyndafræðin byggir á virku námi barnanna og áhersla lögð á vitrænan og félagslegan þroska barna. Börnin velja sér sjálf sinn efnivið og virkni.

Leikrænni tjáningu er einnig gerð skil í þessari ritgerð. Tengsl milli leikja barna og leikrænnar tjáningar könnuð. Fjallað er um gildi leikrænnar tjáningar fyrir börnin, varðandi einstaklings-, tilfinninga- og málþroska. Að lokum er settur fram hugmyndabanki ætlaður kennurum í leikskólum sem innihalda kveikjur og hugmyndir út frá sköpunargáfu barnsins og hugmyndafræðunum er áður hafa komið fram.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Skapandi starf og leikur	6
Sköpunargáfa	7
Hlutverk uppalanda og kennara	8
Myndlist	10
Lowenfeld og Brittain	10
Myndsköpunarferlið	11
Hugmyndafræði	11
Rhoda Kellogg	11
Hugmyndafræði	12
Tónmennt	13
High- Scope	13
Leikræn tjáning	15
Lokaorð	17
Heimildaskrá	18

Inngangur

Við lifum í samfélagi sem hefur breyst gífurlega síðustu árin bæði ef litið er til menningar, lifnaðarháttar og gilda. Leikskólinn hefur einnig gengið í gegnum mikið breytingarskeið þó svo að saga leikskóla sé frekar stutt hér á landi. Sífelld meiri kröfur eru gerðar bæði til leikskólabarna, grunnskólabarna o.s.frv og ekki má gleyma leikskólakennurum. Leikskólakennarar þurfa sífelld að meta og endurmeta starf sitt og mikilvægi símenntunar er ótvírætt.

Mikilvægt er að byggja á góðum grunni og vissulega kemur þar hlutverk leikskólans sterkt inn. Mannleg breidd er misjöfn sem og hæfileikarnir en öll getum við verið sammála um að allir hafa eitthvað til að bera. Mikilvægt er að leikskólakennarar byggi á yfirgrípsmikilli þekkingu og fræðum í tengslum við þroska barna.

Eitt af aðalmarkmiðum laga um leikskóla er ræktun sköpunar og tjáningar í þeim tilgangi að efla sjálfmynd þeirra, sjálfsöryggi og getu í samskiptum. Leikurinn er megináðferð leikskólabarnsins til að læra og ætti hver leikskóli að hlúa að leiknum í sínum fjölbreyttu myndum. Sköpunargáfa barna er mikilvægur þáttur í leik barna en ekki eingöngu í leiknum heldur í öllu starfinu í leikskólanum. Hlutverk kennara er að stuðla að því að sköpunargáfan fái að njóta sín. Börn eru í eðli sínu einlæg, skapandi og fróðleikfús. Hlúum að börnunum og um leið varðveitum barnið í okkur sjálfum.

Skapandi starf og leikur

Mikilvægi leiksins fyrir barnið er ekki nýtt af nálinni, Aristoteles taldi að þörfin til að herma eftir sé meðfædd og fyrsta fræðslan /upplifunin sé í gegnum eftirlíkingu líkt og gerist gjarnan í leik barna. Í byrjun nítjándu aldar kynnti Edouard Chaparede sína sýn á leik barna en hann lagði mikla áherslu á leikræna þáttinn í leiknum. Um svipað leyti stóð William Stern fyrir rannsóknum á leik barna, hann skoðaði leik þeirra út frá kyni, aldri og persónueinkennum. Stern greindi á milli leikja er barnið leikur eitt og síðar er barnið leikur í samhliðaleikjum og síðar í samvinnuleikjum. Aftur á móti skiptir Charlotte Bühler leiknum eftir því í hvernig formi hann kemur fram svo sem í hreyfi-, byggingar-, þykjustunni-, einhliða-, hóp- og regluleiki. Þessi skipting í leikjaflokka hefur barnasálfræðin gjarnan stuðst við. Jean Piaget lítur aftur á móti til stigskipts þroska barnsins og skiptir leiknum upp í æfinga-, ták- og regluleiki. Nýrri rannsóknir eru aftur á móti ekki eins hlynnt slíkri flokkaskiptingu á leiknum (Sæbo og Flugstad 1992:35-36).

Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á skapandi starf og leik barnsins. Í leikskóla skuli leggja rækt við alhliða þroska barna sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Ef horft er til fagurþroska og sköpunarhæfni er markmiðið að stuðla að því að börn njóti margháttaðrar reynslu sem örvar hugmyndaflug þeirra og skapandi tjáningu. Búa börnum aðstæður og efnivið sem örvar frjálsa og skapandi tjáningu. Veita börnum tækifæri til að njóta lista, örva fegurðaskyn og vekja áhuga þeirra á umhverfi og náttúru.

Leikurinn er aðferð barna til að læra, leikurinn mótast af hugmyndaauðgi þeirra hæfni og sköpunarmætti. Hæfni þeirra til að sjá ný tengsl, koma með nýjar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamynstri. Skapandi börn eru næm á umhverfið og umhverfið frjógvar hug þeirra. Börn hafa áhuga á áferð, lögun og litun. Þessi frumleiki barna birtist með margvíslegum hætti td. í leikrænni tjáningu, í máli, myndgerð, tónum og hreyfingum. Skapandi börn hugsa oft og framkvæma með öðrum hætti en viðtekið er af fullorðnum og þau geta tekið áhættu (Aðalnámskrá leikskóla 1999:10-12).

Sköpunargáfa

Hlutverk listarinnar er ekki að sýna ytra byrði hlutanna heldur innri merkingu þeirra.

Aristóteles

Hvað er sköpunargáfa? Líklega eru margar skilgreiningar á hugtakinu og erfitt að fullyrða hvað sé rétt skilgreining. Almenn skilgreining á sköpunargáfu er :

Hæfileiki til þess að sjá hluti í nýju ljósi

Hunsa takmörk og leiðbeiningar

Óhefðbundin hugsun

Gera eitthvað einstakt

Sameina ótengda hluti í eitthvað nýtt

Torrance hefur valið að skilgreina hugtakið sem ferli þess að skynja vandamál eða vöntun á upplýsingum, móta hugmyndir eða tilgátur og miðla síðan niðurstöðunum (Schirmacher 1997:5). Í vinnu með börnum ætti frekar að líta á sköpunarþörf sem aðferð til að framkvæma. Ekki eru til rétt eða röng svör eingöngu möguleikar. Líta ætti á sköpunarþörfina hjá börnum sem viðhorf en ekki líta til hæfileikana. Börn sýna t.d. sköpun er þau:

- prófa nýjar hugmyndir og nýjar aðferðir við að gera hlutina
- rýmka takmörkin og kanna möguleikana
- hagræða og útfæra hugmyndir og efnivið
- taka hluti í sundur og setja aftur saman á annan hátt
- leika með hluti
- nota ímyndunafli og dagdrauma
- reyna að finna lausnir, leysa vandamál
- spyrja spurninga, ráðast í verkefni

Hafa ber í huga að ferlið í sköpuninni er mikilvægt þó svo að enginn afurð liggi eftir. Meiri áherslu skal leggja á ferlið en afurðina.

Mörg börn henda t.d. mynd sem þau hafa málað því aðal ánægjan fólst í ferlinu en ekki afurðinni. Ferlið í sköpuninni nær yfir hugsun, tal, leik, skrif, dans, söng, hljóðfæraspilun, tilraunir, umbreytann efnivið og hagræða hugmyndum og efni. En mörg börn eru aftur á móti mjög upptekin af því að skapa einhverja lokaafurð. Kannski hafa þau lært að með því að sýna fram á afrakstur sköpunar fá þau hrós frá fullorðnum. Myndir sem eru augljósar, t.d. teikningar af húsi er oft límdar á ískápinn. En hafa verður í huga að verk sem ekki eru jafn augljós og húsateikning eru jafn mikilvæg.

Æfingin skapar meistarann segir máltakið og það sama má segja um sköpun hvort sem talað er um myndlist, tónlist eða leiklist. Við getum öll verið sammála um að t.d. íþróttamaður þarf að leggja rækt við íþrótt sína til að viðhalda og bæta hæfni sína. Sama á við um sköpunargáfuna. Margir fullorðnir virðast hafa tapað sköpunargáfu sinni einhvers staðar á lífsleiðinni, allavega er viðkvæðið oft þannig hjá mörgum. En flestir aftur á móti þekkja til einhverra sem þeir telja vera skapandi. Kannski er skilningur hjá þessu fólki að ekki sé hægt að titla sig sem skapandi nema að afurð liggi fyrir og líta þá oft á tíðum til þekktra listamanna. En samt sem áður höfum við öll einhverja skapandi hæfileika t.d. skrifa, sauma, elda, fönndra ofl. En hver skyldi vera ástæðan fyrir því að svo margir fullorðnir telja sig ekki skapandi? Þegar þessir sömu einstaklingar voru börn voru þeir líklega allir taldir vera það. Torrance telur að við fjöggra ára aldurinn sé barnið á tindi sköpunargáfu sinnar en síðan liggi leiðin bara niður á við og hann telur að viðhorf t.d. í grunnskólanum ráði þar miklu um en þar sé megináherslan lögð á bóklega þáttinn í námi barna (Schirmacher 1997:8).

Hlutverk uppalanda og kennara

Börn geta verið skapandi á eigin spýtur en aðstæður og skilningur fullorðinna getur haft mikið að segja. Börn þurfa að fá skilyrðislausu umhyggju og viðurkenningu og hvatningu frá fullorðnum í sínu nánasta umhverfi. Börn þurfa stuðning frá hinum fullorðnu til að fá frelsi til að gera hlutina á sinn hátt og skapa. Ef börnin fá slíkan stuðning þroskast geta þeirra til sköpunar og eykur sjálfsmat þeirra. Er börn gera/skapa eitthvað sjálf hvetur það oft á tíðum til frekari sköpunar (Schirmacher 1997:11).

En margar hindranir geta verið í veginum svo að sköpunarþörf barna fái að blómstra og má þar helst nefna foreldra, skóla, kynjahlutverk, samfélag, menningu og hefðir. Foreldrar hafa oft vissar væntingar til barna sinna og yfirleitt standast þau ekki væntingar þeirra.

Skapandi börn efast oft um yfirráð, rökfræði fullorðinna og útskýringar þeirra. Foreldrar líta oft á þessi börn sem öðruvísi, vanþroska eða jafnvel óþekk. Fræða þyrfti foreldra betur hvað þetta varðar. Sama á við í skólstofunni en þar er barnið í þannig aðstæðum að rökræn hugsun er frekar talin gjaldgeng. Kyn barnsins getur einnig haft áhrif á sköpunargáfu þess. Við búumst frekar við því að drengir séu meira fyrir sér og þurfi meira að hreyfa sig en stúlkur. Frekar ætti að sameina þessar þarfir því báðar eru nauðsynlegar svo að sköpunargáfan fái að njóta sín.

Í bók sinni *Creative and Mental Growth* halda þeir félagar Lowenfeld og Brittain því fram að ef aðstæður leyfðu myndu börnin þróa með sér sína sköpunargáfu og enga hvatningu þyrfti til. Öll börn myndu nýta hvatir sínar án hömlunar með sjálfsöryggi að leiðarljósi. En aðstæður bjóða ekki upp á slíkt umhverfi. Oft á tíðum er börn hafa misst sjálfstraustið og viðkvæði þeirra er: „Ég get ekki“, má rekja það til þess að þau hafa fengið gagnrýni á lokaafurð t.d. vegna þess að liturinn hafi ekki verið réttur o.s.frv. Slík gagnrýni er hvorki réttmæt gagnvart verkinu né barninu. Kennari og uppalandi þurfa að gera sér grein fyrir að þeirra reynsla og færni kemur barninu ekki til góða heldur er ferlið sem barnið öðlast er mikilvægast í menntunarlegum skilningi. Væntingar hinna fullorðnu er ekki hið mikilvæga heldur ferlið sem barnið gengur í gegnum er meginmarkmiðið (Lowenfeld og Brittain 1987:6-7).

Myndlist

Maður málar með heilanum, ekki með höndunum.
Michelangelo

Lowenfeld og Brittain

Eitt af þekktari nöfnum í tengslum við hugmyndafræði á bak við myndsköpun barna er Viktor Lowenfeld. En hann og samstarfsmaður hans W.Lambert Brittain settu hugmyndafræði sína fram í riti er nefndist Creative and Mental Growth sem fyrst var gefið út í Bandaríkunum 1947. Grundvallarþemað í kenningum þeirra er að myndsköpun og myndræn tjáning sé órjúfanlegur þáttur í heildarþroska barnsins (Valborg Sigurðardóttir 1989:17). Mikilvægt er að hlúa að þessum þáttum strax frá unga aldri. Myndsköpun er mikilvæg þroska- og námsleið og tengist sterk skapandi hugsun og alhliða þroskaferli barnsins. Barnið leggur mikið í verk sín og fléttar þar inn í reynslu sína til að skapa nýja og merkingarbæra heild.

Lowenfeld og Brittain skiptu teikni og myndsköpunarferli í ákveðin þroskaskleið. En með því að skoða myndverk barna má sjá endurspeglun á tilfinningar þeirra, vitrænan þroska, líkams og félagsþroska, skynjunarþroska, fagurþroska og sköpunarhæfni. Sjá má samnefnara fyrir hvert skeið þó svo að börn séu ólík sín á milli (Valborg Sigurðardóttir 1989:18). Samkvæmt kenningunni taka myndverk barna breytingum í takt við aukinn andlegan og líkamlegan þroska. Hinir fullorðnu telja kannski ekki myndverkið vera rétt en ferlið sjálft við sköpunina skiptir meira máli. Lowenfeld og Brittain telja að vinna með myndsköpun barna sé meiri og betri undirstaða til náms en margar aðrar námsgreinar og telja þar af leiðandi að myndsköpun eigi að skapa veglegan sess á öllum námstigum skólakerfisins (Lowenfeld og Brittain 1979:104).

Myndsköpunarferlið greina Lowenfeld og Brittain í eftirfarandi skeið:

1. Krotskeið (18 mán. til 4 ára). Upphaf sjálfsjáningar.
2. Forskemaskeið (4 ára til 7 ára). Fyrstu tilraunit til táknmyndunar.
3. Skemaskeið (7 ára til 9 ára). Myndun formhugtaka.
4. Raunsæisskeið (9 ára til 12 ára). Upphaf raunsæis.
5. Skeið gervi-náttúralisma (12 ára til 14 ára). Aldur rökhyggju.
6. Gelguskeið (14 ára til 17 ára). Tímabil sjálfsákvarðana.

Hugmyndafræði V.Lowenfeld og W. Lambert Brittain í hnotskurn

18 . mán – 4 ára	5-7ára	7-9 ára
Krotskeið	Forskemaskeið	Skemaskeið
Byrjar sem handahófskennt krot sem enginn hugsun virðist vera á bak við. Síðan smátt og smátt hefur barnið meiri stjórn á handarhreyfingum sínum. Barnið gefur síðan kroti sínu nafn og þá er komin hugsun á bak við krotið. Krotið endurspeglar þroskferil barnsins.	Hér byrjar barnið með fyrstu tilraunir til táknmynda. Barnið tengir og skilur tengslin á milli veruleika og teikninga sinna. Höfðufætlan kemur til sögunnar og barnið býr til önnur form. Barnið er oft sjálflægt, teiknar sig sjálft risastórt en aðra minni.	Barnið nær tökum á formhugtaki. Myndar skemu t.d. eins og manneskju. Barnið notar grunn og loftlínur og myndirnar hafa meiri dýpt. Röntgenmyndir koma fram, getum séð inní hús t.d.

Rhoda Kellogg

Var bandarískur uppeldisfræðingur sem hefur gert fjölmargar rannsóknir á barnateikningum. Hún hefur rannsakað gífurlegan fjölda teikninga barna á aldrinum tveggja til átta ára bæði frá Bandaríkunum og Afríku, Asíu og Evrópu. Helst hefur hún einbeitt sér að teikningum barna frá tveggja til fimm ára aldri og þá einna helst kroti þeirra og frumraunum í teikningum og fylgst með þróun þeirra stig af stigi.

Kellogg vill meina að barnateikningar séu fyrst og fremst mynstur og leitar ekki eftir raunsæi í myndum barnanna. Hugmyndafræði hennar er mynstur, staðsetning, hönnun og listræn form. Mikil áhersla er lögð á meðfætt fagurskyn barna og viðleitni þeirra að skapa jafnvægi í myndum sínum.

Kellogg hvetur til skapandi starfa í skólum og er eindregið á móti sniðnu föndri svo sem litabókum ofl. (Valborg Sigurðardóttir. 1989:59).

Við athuganir sínar tók Kellogg eftir því að börn um þriggja ára aldurinn teiknuðu hvað eftir annað algjörlega að eigin hvötum trúartákn austurlanda-Mandalatáknið. Við þessa uppgötvun fór hún að leita eftir öðrum sameiningartáknum og komst að þeirri niðurstöðu að unnt var að greina einhvers konar lögun eða mynstur í nærri öllum merkjum sem börn settu á pappír. Flestir telja að krot barna sé fyrst og fremst hreyfileikur en Kellogg er ekki á sama máli. Vissulega er hreyfinautnin mikilvæg en leggur jafnframt áherslu á sjónræna nautn. Kellogg greinir myndgerðaferrill barna á aldrinum tveggja til fimm ára í fjögur þróunarstig. Hún telur að börn læri mest og best á þessum árum af sjálfum sér og séu sjálfmenntuð í myndlist. Kellogg greinir teikningar og krot barna í frumbætti eða frumeiningar og telur þróunina í myndgerð barna sé rökrétt, sjónrænt kerfi þar sem hver skynheild vekur aðra (Valborg Sigurðardóttir 1989: 61-71).

Hugmyndafræði Rhodu Kellogg í hnotskurn

2 ára og yngri	2-3 ára	3-4 ára	4 ára	4-6 ára	5-7 ára
Staðsetningarstig	Formmyndunarstig	Hönnunarstig	Táknstig	Frumraunir til táknmynda	Tákn-myndir
Hér eru grunnkrotin tuttugu allsráðandi. Geta líka komið fram staðsetningar-mynstur	Dulín grunnform koma fram. Barnið fer að teikna grunnformin sjálf með einföldum útlínnum.	Barnið gerir tilraunir að tengja saman, grunnform. Mandala, sólir og geislahvirkfingar	Barnið teiknar allskonar tákn fyrir menn, hús, dýr, tré, blóm ofl. Táknmyndirnar eru búnar til úr grunnformum, samtengslum, samsöfnum, sólum, Mandala, og geislahvirkfingum	Börnin teikna byggina, gróður, bíla, flugvélar, dýr	Barnið bætir inní myndina, teiknar marga hluti saman á einni mynd. Myndin getur sagt heila sögu.

Tónmennt

„Tónlist...er eitthvað sem snertir okkur öll sama hvaðan við komum, allir elska tónlist.“

Billy Joel

High- Scope

Upphaf High/Scope hugmynda- og kennslufræði mótaðist á sjöunda áratugnum í Bandaríkunum. Rannsókn er nefndist The Perry Preschool Program og hófst árið 1962 í Michigan í Bandaríkunum. Rannsóknin beindist að börnum sem talin voru í áhættuhópi vegna fátæktar, þátttakendur voru 123 börn á aldrinum þriggja til fjöggra ára gömul af afró- amerískum uppruna er bjuggu við bágar félagslegar aðstæður með frekar lága greindarvísitölu en ekki skert líkamlega né vistmunalega. En talið var að vegna ytri aðstæðna yrðu þau líklega í áhættuhópi þegar skólaganga hæfist. Rannsóknin byggði á virku námi þar sem áhersla var lögð á vitrænan og félagslegan þroska einstaklingsins. Börnunum var skipt í tvo hópa. Annar hópurinn 58 börn fékk fyrsta flokks leikskólauppeldi en samanburðarhópurinn 65 börn stunduðu ekki nám í leikskóla. Árlega var gögnum safnað saman og í niðurstöðunum við 27 ára aldur kom í ljós verulegur munur á hópunum tveimur. Félagsleg staða leikskólahópsins var sterkari með tilliti til menntunar og fjárhagslegrar stöðu. Sýndu niðurstöðurnar svo um munaði að vandað leikskólauppeldi getur haft veruleg áhrif á framtíðarhorfur barna í samfélaginu. Á þessari rannsókn er High/Scope byggt (Sigríður Pálmadóttir 2006:90).

High- Scope byggir á virku námi barnanna og áhersla er lögð á vitrænan og félagslegan þroska þeirra. Börnin velja sér sjálf sinn efnivið og virkni. Með því að leita lausna auka börnin við færni sína og styrkja þar af leiðandi eigið sjálfstæði. Hlutverk kennara er að fylgjast með, taka þátt og styðja þau eftir þörfum í þeim athöfnum er börnin velja sér sjálf. High-Scope hugmyndafræðin er notuð í leikskólum út um allan heim (Sigríður Pálmadóttir 2006:89-90).

Tónlistarþátturinn í High/Scope endurspeglar hugmyndafræðina mjög skýrt. Mikil áhersla er lögð á að hlusta á sjálfsprottna tjáningu barnanna, hvernig þau gera tilraunir og leika sér með tóna og hljóð.

Lokaverkefni til B.Ed. - prófs

Það er síðan út frá þessari hlustun sem kennarinn markvísst grípur hugmyndir á lofti og vinnur með börnunum. Eðlislæg forvitni, sameiginlegar uppgötvanir barnanna og samspill fullorðinna ræður hér ríkjum.

Tónlistarþættirnir eru sex talsins en þeir eru:

1. Tónlist og hreyfing
2. Að kanna og greina hljóð
3. Söngroddin könnuð
4. Að halda lagi
5. Söngur
6. Að spila á einföld hljóðfæri

Áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytta tónlist til að nota með hreyfingu svo sem þjóðlagatónlist frá ýmsum löndum ásamt ýmiskonar öðrum tónlistarstefnum. Þegar unnið er með að kanna hljóð eða greina er sótt í umhverfishljóðgjafa sem og einföld hefðbundin hljóðfæri en einnig óhefðbundna hljóðgjafa. Hlutverk kennara er að taka eftir viðbrögðum barna við hinum ýmsu hljóðáreitum. Áhersla er lögð á söng bæði í litlum og stórum hópum. Aðgengi barna að hljóðfærum er einnig mikilvægur þáttur (Sigríður Pálmadóttir 2006:94).

Leikræn tjáning

„Leikur er ástand, en ekki saga. Ætlirðu að segja sögu, verðurðu fyrst að hugsa hana sem ástand”

Hrafn Gunnlaugsson (1974)

Hvað er leikræn tjáning? Cavin Bolton skilgreinir í bók sinni *Towards a Theory of Drama* leikræna tjáningu á einfaldan hátt:

A segir B sanna sögu (ekki leikræn tjáning).

B segir A söguna aftur eins og hann hafi upplifað atburðin sjálfur (leikræn tjáning). Í bókinni skiptir Bolton leikrænni tjáningu í fjóra flokka og eru þeir þessir:

1. Leikrænar æfingar, tengdar humyndum Brians Way.
2. Spuni, eitthvað sem er að gerast hér og nú, tilfinningaleg reynsla, að setja sig í spor annarra.
3. Leiksýning, þar er þátttakandinn meðvitaður um að hann sé að leika fyrir áhorfendur.
4. Leikræn tjáning til að auka skilning, blanda af 1, 2 og jafnvel 3. Aðalatriðið er upplifunin en ekki látbragðið sem þeir sýna.

Í leikrænni tjáningu er unnið í tveim heimum á sama tíma, þeim raunverulega og hinum ímyndaða. Þó svo að við setjum okkur í spor annarra erum við alltaf að nýta okkar eigin þekkingu og reynslu. Þessar aðstæður eru síðan notaðar til að kanna tengsl milli fólks og samfélags (Anna Jeppesen 2005:14).

Börn hafa einstakt lag á því að breyta umhverfinu á táknrænan hátt t.d. með borðum, stólum og öðru sem fellur til. Hattur getur breyst í skiptstjórahúfu, kjóll í prinsessukjól o.s.frv. Börnin finna sér síðan hlutverk í leiknum og útfæra eftir sínu höfði. Einkenni þessa leiks hjá börnum er að þau taka í einlægni að sér hlutverk í hinum ímyndaða heimi og kanna af áhuga mannleg samskipti, finna lausnir og læra af reynslunni. Forsendur þess að vel takist til með leikræna tjáningu eða leiklist eru innihald, ímyndunarleikur og öruggt umhverfi (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir 2006:11).

Leikurinn er mikilvæg leið fyrir barnið til upplifunar og gefur því færi á að auka við þroska sinn. Karen Nielsen leggur mikla áherslu á mikilvægi þroskaleiða fyrir barnið í uppvestinum sem m.a. má finna í upplifunum, verknaði og samsömun. Ólíkir fræðimenn eru sammála um að leikræni leikurinn eða leikræna tjáninginn hafi hér sérstöðu. Meðal annars má nefna að leikræni leikurinn hafi mikla þýðingu fyrir andlegan þroska og Courtney telur að leikræni leikurinn stuðli að þroska barnsins í heild sinni (Sæbo og Flugstad 1992:63-64).

Ávinningar leikrænnar tjáningar í þroska barna eru margir og má m.a. nefna menningarþroska. Fólk er í eðli sínu félagsverur og þroskast í samspili og samneyti við annað fólk. Einnig má nefna einstaklingsþroska, barnið yfirfærir fyrri reynslu inn í leikinn og deilir einnig með öðrum börnum í leiknum. Ekki má gleyma tilfinningaþroska en í leiknum fær barnið tækifæri til að setja sig í spor annarra, sýna samhyggð en allt í skjóli leiksins. Málþroskinn dafnar einnig enda mikilvægur hluti af leikræna leiknum, nauðsynlegt er t.d. að nota orð til að skipuleggja leikinn ofl. Í leikrænum leik er einnig nauðsynlegt að hreyfa sig en líkami og hugur vinna þar saman. Líkamstjáning er mikilvæg og getur undirstrikað ýmislegt sem ekki er sagt með orðum. Fagurfræðilegur þroski á sér einnig stað í gegnum myndir, leiklist, tónlist, dans og ljóð (Sæbo og Flugstad 1992:63-72).

Í Aðalnámskrá leikskóla er leikræn tjáning ekki nefnd sem slík þó svo að megi tengja hana inn á öll svið sem aðalnámskráin tæpir á t.d. hreyfingu, tónlist ofl. Leiðir að markmiðum eru t.d. að leggja áherslu á skapandi starf og leik barnsins. Leggja skal rækt við alhliða þroska barnsins sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfi, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Hlúa ber að öllum þessum þroskaþáttum, efla og örva samspil þeirra (Aðalnámskrá leikskóla 1999:10).

Aftur á móti í Aðalnámskrá grunnskóla er leikrænni tjáningu gerð góð skil. Samt sem áður er henni ekki gefin ákveðinn tími á viðmiðunarstundarskrá grunnskólans. Greinin er þverfagleg og er ætlað að samþætta uppeldis- og menntamarkmið eins og þau eru sett fram í 2. grein grunnskólalaga (Aðalnámskrá grunnskóla 2007:39). Síðan er hægt að spyrja af hverju leikræn tjáning sé ekki nefnd á nafn í Aðalnámskrá leikskóla? Líklega má rekja það til þess að eiginleg kennsla fer ekki fram í leikskólanum í þeim skilningi heldur læra börn fyrst og fremst í gegnum leikinn sem er jú stór hluti af leikrænni tjáningu.

Lokaorð

Mikilvægi leiksins fyrir leikskólabarnið er ótvíræð enda er leikurinn aðferð barnsins til að læra. Leikurinn mótast af hugmyndaauðgi þeirra og sköpunarmætti. En að mörgu þarf að huga til að leikurinn fái að dafna og blómstra. Hlutverk leikskólakennara er hér veigamikil. Hans hlutverk er að skapa aðstæður fyrir börnin bæði til leikja, tjáningar og sköpunar. Einnig er nauðsynlegt að leikskólakennarar sýni börnum umhyggju, viðurkenningu og veiti þeim hvatningu. Í slíku umhverfi þroskast geta þeirra og sjálfstraust eykst.

Öll erum við gædd sköpunargáfu en misvel hefur verið hlúð að henni. Sköpunargáfa er hæfileiki til að sjá hluti í nýju ljósi og vinna áfram að nýju verki hvort sem um ræðir myndlist, tónlist eða leikræna tjáningu. Megináherslan er lögð á ferlið en ekki afurðina. Ef leikskólabarnið fær að vera virkt í sínu námi þ.e.a.s. uppgötva, kanna og leita lausna fær sköpunargáfa þess að njóta sín. Hugmyndafræði Lowenfeld, Kellogg og High-Scope eru gott dæmi um virkt nám.

Leyfum börnunum að njóta sín á þeirra forsendum, leyfum listagyðjunni í þeim að þroskast og dafna. Verum meðvituð um þarfir þeirra og langanir. Þannig uppskerum við eins og við sáum og sendum frá okkur, í lok leikskólagöngu barnanna, einstaklinga sem eru með góða sjálfsmýnd, sterkt sjálfstraust og tilbúin að takast á við ný og verkefni.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Valborg Sigurðardóttir. 1989. *Myndsköpun ungra barna.* Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Anna Jeppesen. 2005. *Mál og túlkun.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Lowenfeld, Viktor, og W. Lambert Brittain. 1987. *Creative and Mental Growth.* Eighth edition. Macmillan publishing company, New York.

Lowenfeld, Viktor, og W. Lambert Brittain. 1979. *Kreativitet og vækst.* Gellerup Forlagsaktieselskab, København.

Schirmacher, Robert. 1997. *Art and Creative Development for Young Children.* Third edition. Delmar Publishers. USA.

Sigríður Pálmadóttir. 2006. *Börn og tónlist.* Útgefið af höfundi. Reykjavík.

Sæbo, Aud Berggraf og Peter Flugstad. 1992. *Drama i barnehagen.* TANO.

.